

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. maí 1981.

Nr. 119/1981. Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1981, er barst Hæstarétti 22. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Egi hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Með skírskotun til hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 20. maí 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 20. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 4. maí sl. kom hingað til lands Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, en hann var framseldur hingað til lands

skv. kröfu íslenskra dómsyfirvalda vegna ætlaðrar aðildar að stórfelldu fíkniefnamisferli.

Nefndur Kristján hefur ítrekað orðið uppvís að fíkniefnamisferli og var þann 30. apríl sl. dæmdur í 6 mánaða fangelsi í Kaupmannahöfn fyrir fíkniefnasmygl og þann 20. mars sl. hér í dómi dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir slíkt.

Nefndur Kristján er borinn sökum um fíkniefnasmygl og dreifingu í rannsókn, er hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík um miðjan janúar sl. Fjölmargir aðiljar voru við málið riðnir, og sættu 5 aðiljar auk nefnds Kristjáns gæsluvarðhaldi í lengri eða skemmri tíma vegna rannsóknar málsins.

Nefndur Kristján Aðalsteinsson var yfirheyrður hér í dómi 5. maí sl. og neitaði þá öllum sökum. Vegna rannsóknarhagsmuna var Kristján þann sama dag og hér í dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 15 dögum. Í nefndum úrskurði er lýst í meginatriðum sökum þeim, sem á nefndan Kristján eru bornar, og vísast hér til þess, sem þar er rakið, en hér mun þó í stórum dráttum vikið að þeim.

Bjarni Harðarson, er sætti gæsluvarðhaldi frá 17. jan. til 20. febr. sl., bar hér í dómi að hafa í byrjun júlí sl. ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni, Pétri Blöndal Gíslasyni og Runólfi Þór Jónssyni haldið í bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn til Amsterdam, þar sem þeir hafi í félagi keypt 3 kg af hassi og flutt til Kaupmannahafnar og nánar á heimili Péturs Blöndal og Kristjáns Aðalsteinsonar að Gangstedvej 14. Þar hafi efninu verið skipt og Bjarni fengið í sinn hlut 350 gr fyrir sitt framlag, en kvaðst ekki geta fullyrt um eignarhlutföll hinna, utan hvað allir hafi þeir átt í efninu. Hafi sambýlismaður þeirra Kristjáns og Péturs, danskur piltur, Sören Munk Hansen að nafni, tekið að sér að flytja 1 kg af nefndu hassi hingað til lands og þar af verið 350 gr í eigu nefnds Bjarna, en afgangur efnis eign Péturs Blöndal. Bjarni kvaðst ekki vita, hver hefði orðið ráðstöfun þeirra 2 kg af hassi, er eftir hafi verið að Gangstedvej 14 og verið hafi í eigu nefnds Péturs, Kristjáns og Runólfs Þórs. Lýsti Bjarni jafnframt pressun og þökkun ofangreinds hassefnis, er farið hefði fram í vistarverum þeirra Péturs og Kristjáns og þeir allir fjórir tekið þátt í.

Nefndur Bjarni lýsti jafnframt kaupum á 100 gr af hassi og móttöku á lítilræði af amfetamíni frá nefndum Kristjáni í desember sl., en efni þessi kvað hann Kristján hafa flutt hingað til lands rétt fyrir sl. jól.

Þann 13. maí sl. var Kristján Aðalsteinsson samprófaður við Bjarna Harðarson hér í dómi, og lýsti Bjarni þá á sama veg og áður ofangreindum fíkniefnaviðskiptum þeirra. Kvað Kristján nefndan Bjarna bera á sig rangar sakir.

Runólfur Þór Jónsson, sem sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 7. febr. til 5. mars sl. bar á sama veg og nefndur Bjarni um þátttöku Kristjáns Aðalsteinssonar í nefndri hasskaupaferð til Amsterdam og aðild þar að hasskaupum, en kvað keypt hassefni þar í borg a. m. k. 2½ kg. Lýsti hann ítarlega pökkun þeirra fjórmenninga og pressun, er fram hefði farið í margnefndu húsnæði að Gangstedvej 14. Kvaðst Runólfur ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni á næstu dögum eftir nefnda Amsterdamferð hafa selt um 500 gr af hassinu í svonefndu Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn. Tveimur dögum síðar kveðst Runólfur hafa haldið hingað til lands og þá verið eftir um 1½ kg af nefndu hassi í vörslum Kristjáns Aðalsteinssonar og Péturs Blöndal Gíslasonar að Ganstedvej 14.

Ofangreindur Pétur Blöndal sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 16. jan. til 5. mars sl., en hann neitaði öllum sökum eða yfirleitt að tjá sig um sakarefni. Var hann árangurslaust samprófaður hér í dómi við Runólf Þór og Bjarna Harðarson.

Samkvæmt gögnum málsins er staðfest, að Sören Munk Hansen, fæddur 30. jan. 1954, kom hingað til lands 18. júlí sl. Hann var yfirheyrður hjá lögreglu í Kaupmannahöfn fyrir atbeina þessa embættis og viðurkenndi þá að hafa á ofangreindum tíma flutt hingað til lands 1 kg af hassi fyrir Pétur Blöndal Gíslason gegn greiðslu, en jafnframt að hafa aðstoðað nefndan Pétur við sölu á um 2 kg af hassi í Christianiu í júní—júlí sl. Þar sem ekki varð séð af gögnum frá Kaupmannahafnarlögreglu, að nefndur Sören hefði verið yfirheyrður um samskipti við Kristján Aðalsteinsson, Pétur Blöndal Gíslason og Runólf Þór eða hugsanlega aðild þeirra, var af hálfu dómsins óskað frekari yfirheyrslu yfir nefndum Sören, en gögn hana varðandi hafa enn ekki borist dóm-inum. Hins vegar fékk dómari staðfest í símtali við fíkniefnadeild Kaupmannahafnarlögreglu, að Sören Munk héldi fast við sinn fyrri framburð.

Reynt hefur verið að ná til Runólfs Þórs Jónssonar til þess að samprófa hann við Kristján Aðalsteinsson, en það hefur ekki tekist. Sl. fimmtudagskvöld hittu starfsmenn fíkniefnadeildar Runólf Þór Jónsson og lögðu fyrir hann að mæta hér í dómi daginn eftir

vegna máls þessa, og kvaðst Runólfur gera það. Gat hann þess jafnframt, að hann væri á förum úr landi um helgina, og honum af því tilefni bent á það, að brýnt væri, að hann mætti hér í dómi. Nefndur Runólfur mætti ekki, og náðist ekki til hans. Hins vegar fengust þær upplýsingar, að hann hefði farið til Bandaríkjanna og væri vart væntanlegur fyrr en eftir mánaðartíma.

Við yfirheyrslur hér í dómi hefur margnefndur Kristján Aðalsteinsson haldið fram sakleysi sínu. Hefur honum verið bent á, að Runólfur Þór Jónsson beri hann þeim sökum, er að ofan er rakið, en hann kveður hann bera sig röngum sökum sem og Bjarni Harðarson. Kristján hefur verið spurður um gjaldeyrisviðskipti í Amsterdam dagana 17.—18. mars sl., en hann á skv. upplýsingum lögreglu í Hollandi að hafa ásamt Árna Hrafnssyni að hafa skipt 65.000 sænskum kr. í hollensk gyllini þar 18. mars sl. Neitar Kristján alfarið vitneskju um nefnd viðskipti eða að vita um núverandi dvalarstað Árna Hrafnssonar, en ekki hefur tekist að hafa upp á nefndum Árna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í þá átt.

Við yfirheyrslur hér í dómi hefur Kristján haldið því fram, að hann hafi á þeim tíma, er margnefnd Amsterdamferð á að hafa verið farin, verið í 4 daga á svonefndri Roskildehátíð, en ekki getað bent á neinn aðilja, er geti staðfest dvöl hans þar eða getað fullyrt, á hvaða tíma nefnd hátíð hafi verið haldin, fyrr en við yfirheyrslur hér í dómi í gær, er hann kvaðst hafa verið á nefndri hátíð ásamt einhverjum Íslendingi, er hann kvaðst ekki geta nefnt nein deili á. Kvaðst Kristján aðspurður hafa hitt nefndan Halldór Lárus af og til þá daga, er hátíðin stóð yfir. Voru gerðar þegar ráðstafanir til þess að ná til nefnds Halldórs Lárusar, og var hann yfirheyrður hér í dómi í morgun.

Aðspurður um ferðir og gerðir í júlí sl. kvaðst Halldór Lárus hafa dvalið í Kaupmannahöfn og kvaðst aðspurður um það, hvort hann hefði þá komið til Roskilde, kvaðst hann hafa haldið þangað ásamt Karvel Gränz, Sigurði Stefáni Almarssyni og jafnvel fleiri aðiljum. Kvað hann í Roskilde hafa verið útiskemmtun í 4—5 daga og samsvarandi verslunarmannahelginni hér á landi. Aðspurður um það, hvort hann hefði hitt Íslendinga á nefndri hátíð, kvaðst hann eflaust hafa hitt einhverja, en ekki muna að sundurgreina. Þá var Halldór Lárus spurður, hvort hann gæti nefnt einhverja aðilja, sem um þessar mundir hafi dvalið að Gangstedvej í Kaupmannahöfn, og tilgreindi hann þá Kristján Aðalsteinsson. Ítarlega aðspurður kvaðst Halldór Lárus ekkert hafa hitt Kristján í Roskilde og ekkert samneyti átt við hann sl. sumar.

Nú fyrir stundu var nefndur Kristján Aðalsteinsson yfirheyrður hér í dómi og honum bent á, að ofangreindur Halldór Lárus hefði í dag verið yfirheyrður og sá harðneitað að hafa hitt Kristján á margnefndri Roskildehátíð og Halldór Lárus jafnframt nafngreint aðilja, er verið hafi í för með sér og líklegt mætti telja, að Kristján kannaðist við. Þá kvaðst Kristján vissulega kannast við þá aðilja, er með Halldóri Lárusi hefðu verið, þótt hann kunni ekki að nafngreina þá. Nafngreindi hann einn þeirra sem Stefán Almarsson, en nefndi einnig deili á tveim öðrum, en lýsing þeirra passar við aðilja, er fíkniefnalögreglu eru kunnir. Kvað hann Halldór Lárus hafa verið í ferðum ásamt 4—5 Íslendingum og þeir á nefndri hátíð búið í tveimur tjöldum nokkuð fyrir utan aðaltjaldbúðirnar. Hafi nefndir aðiljar ráðið öðru tjaldinu, en einhver íslensk stúlka hinu. Kvaðst Kristján a. m. k. eina nótt hafa gist í tjaldi þeirra félaga.

Þá nefndi Kristján og nafngreindi íslenska stúlku, búsetta í Kaupmannahöfn, er verið hefði sér samferða í lest á nefnda hátíð, og tilgreindi sérstakt atvik, er í þeirri ferð hafi hent og stúlka sú ætti að muna eftir og einnig áðurnefndir Íslendingar.

Ekki hefur nefndur Kristján getað tilgreint, á hvaða tíma nefnd Roskildehátíð fór fram. Í framburðum hans kemur þó fram, að þegar hann hafi komið heim á Gangstedvej að lokinni nefndri Roskildehátíð, þá hafi þar verið til staðar Bjarni Harðarson, Runólfur Þór Jónsson og Pétur Blöndal Gíslason og sá fyrstnefndi getið þess, að „gaman hafi verið í Amsterdam“, án þess þó að gera nokkra grein þar fyrir, þó hann væri nánar að spurður. Kvaðst Kristján ítarlega aðspurður ekki beinlínis hafa orðið vitni að fíkniefnameðferð þeirra þremmenninga á Gangstedvej utan neyslu, er þar hafi ekki þótt tiltökumál.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætlað fíkniefnamisferli Kristjáns Aðalsteinssonar og fleiri aðilja. Nefndur Kristján neitar alfarið sökum, en hann er borinn sökum um verulegt fíkniefnamisferli. Ekki hefur tekist að samprófa Kristján við alla þá aðilja, er hér skiptir máli, vegna fjarveru, og skiptir þar mestu, að Runólfur Þór Jónsson sinni ekki að mæta hér í dómi og komst úr landi. Kristján hefur harðneitað að hafa tekið þátt í margnefndri hasskaupaferð til Amsterdam í byrjun júlí sl. og kveðst á þeim tíma hafa verið á nánar tilgreindri útiskemmtun í Roskilde. Hann færði ekki fram neitt, er stutt gæti dvöl hans þar, fyrr en hann hér í dómi í

gær vísaði á, að nafngreindur aðili íslenskur hefði verið þar og hann hafa hitt af og til alla þá daga, er útiskemmtunin stóð yfir. Kvað Kristján nefndan aðilja hafa verið í fylgd nokkurra Íslendinga, er hann gæti ekki tilgreint. Er Kristján var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu og honum bent á, að ofangreindur aðili hefði harðneitað að hafa hitt hann á nefndri hátíð, nafngreindi hann einn aðilja í viðbót, er verið hefði í förum með nefndum aðilja, og nefndi deili á tveimur öðrum. Þá tilgreindi hann einnig íslenska stúlku, búsetta í Kaupmannahöfn, er verið hefði samferða sér á nefnda hátíð.

Afmarkaður gæsluvarðhaldstími Kristjáns Aðalsteinssonar er nú að renna út, en hann er á síðustu klukkustund að tilnefna aðilja, er kunni að staðfesta dvöl sína í Roskilde, meðan margnefnd Amsterdamferð var farin. Lögreglumönnum hefur þegar verið falið að hafa upp á nefndum aðiljum og færa til yfirheyrslu. Þá þarf að hafa samband við lögregluna í Kaupmannahöfn og fá yfirheyrð þar í borg Karvel Gränz og stúlku þá, er Kristján kvaðst hafa orðið samferða á nefnda hátíð. Þá þarf að afla staðfestingar hjá lögreglunni í Kaupmannahöfn á því, hvenær nefnd Roskilde hátíð hafi farið fram. Vegna rannsóknarhagsmuna þykir nauðsynlegt, að Kristján sé áfram í gæsluvarðhaldi, meðan reynt er að ná til ofangreindra aðilja og yfirheyra, svo komist verði hjá því, að hann kunni að tefja eða torvelda rannsókn, svo sem með því að hafa samband við vitni eða samseka.

Eins og áður segir, er verið að rannsaka ætluð brot Kristjáns Aðalsteinssonar gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og getur því sök, ef sönnuð þykir, varðað fangelsisrefsingu. Þykja þannig ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu og með vísan til 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa nauðsyn til bera að gera nefndum Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega afmarkað sem allt að 7 dögum.

Úrskurðarorð:

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957 í Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum.